

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 29. janúar 1996

um nýjar bráðabirgðaráðstafanir til að auðveldara verði að fara yfir í það skipulag dýraheilbrigðiseftirlits sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 90/675/EBE

(Texti sem varðar EES)

(96/105/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 95/52/EB ⁽²⁾, einkum 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 90/675/EBE er kveðið á um nýtt skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem eru fluttar inn til bandalagsins frá þriðju löndum.

Í ákvörðunum 92/399/EBE ⁽³⁾, 92/571/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/55/EB ⁽⁵⁾, og 95/417/EB ⁽⁶⁾ samþykkti framkvæmdastjórnin tiltekna bráðabirgðaráðstafanir til að auðveldara yrði að fara yfir í nýtt skipulag dýraheilbrigðiseftirlits sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 90/675/EBE. Þessar ráðstafanir falla úr gildi 1. febrúar 1996.

Nauðsynlegt er að framlengja í skamman tíma nýju bráðabirgðaráðstafanirnar sem auðvelda að skipulagið, sem kveðið er á um í tilskipun 90/675/EBE, verði tekið upp í áföngum.

Bráðabirgðaráðstafanirnar eiga að gera kleift að samhæfa umfang eftirlits með ástandi og sannprófun auðkenna í áföngum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE skulu gilda um afurðir sem heyra undir ákvarðanir bandalagsins sem kveða á um:

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 265, 8. 11. 1995, bls. 16.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 221, 6. 8. 1992, bls. 54.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 367, 16. 12. 1992, bls. 36.⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 53, 9. 3. 1995, bls. 37.⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 244, 12. 10. 1995, bls. 78.

— skrá yfir viðurkennd þriðju lönd,

— skrá yfir viðurkenndar starfsstöðvar (heilbrigði dýra og manna), og

— fyrirmynd að vottorði (heilbrigði dýra og manna).

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu láta sannprófun auðkenna fara fram á sama stað og, ef unnt er, á sama tíma og eftirlit með ástandi.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE skal sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi fara fram á viðtökuskoðunarstöð á landamærum sem er á úrtakslistanum, að því tilskildu að afurðirnar séu ekki affermdar eða að þeim sé umskipað úr einu loftfari eða skipi í annað á tollsvæði komuflugvallar eða komuhafnar til flutnings til viðtökuskoðunarstöðvar á landamærum.

3. gr.

Aðildarríkin skulu beita ákvæðum um tíðni eftirlits, sem eru samþykkt á grundvelli 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE, frá þeim tíma er þau taka gildi.

Uns ákvæðin koma til framkvæmda:

— skulu aðildarríkin láta fara fram sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi í samræmi við þá tíðni sem er í gildi á yfirráðasvæði þeirra fyrir 1. júlí 1992. Með það fyrir augum að samhæfa í áföngum umfang eftirlits með ástandi og sannprófun auðkenna skal lágmarks- eftirlit þó vera 2% og 5% til 1. júlí 1996 fyrir afurðir sem eru taldar upp í flokkum I og II í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB ⁽⁷⁾ og 4% og 10% fyrir þá flokka frá þeim degi,⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 158, 25. 6. 1994, bls. 41.

— skulu aðildarríkin fyrir 15. febrúar 1996 tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um tíðni eftirlits fyrir áður nefnda flokka I og II.

4. gr.

Ákvörðun þessi gildir til 1. janúar 1997.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. janúar 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.